

 Re: Til umsagnar - Miðdalur Inr. 213970 nýtt deiliskipulag

Búið til	6.9.2022 13:13:38
Höfundur	Ingvar Atli Sigurðsson
Sent	6.9.2022 13:13:38
Tilheyrir	 202208-0027 - Miðdalur Inr. 213970 nýtt deiliskipulag - umsögn.

Efni

Re: Til umsagnar - Miðdalur Inr. 213970 nýtt deiliskipulag

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.9.2022 13:13:38	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Ingvar Atli Sigurðsson - NI (Ingvar.A.Sigurðsson@ni.is)
Til	larag@mos.is
Cc	kristinnp@mos.is

Innihald

Góðan dag.

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202208-0027 (IAS).

Vísað er til tölvupósts frá verkefnastjóra skipulagsmálaverkefnis á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar, dags. 24. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag Miðdals, lóðar 213970, þar sem fyrirhuguð er frístundabyggð. Tillagan var auglýst frá 23. júní til og með 8. ágúst 2022 en þá misfórst að senda Náttúrufræðistofnun gögn til umsagnar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Lóðin er ekki innan friðlýstra svæða eða svæða á náttúruminjasrá. Hún er hins vegar innan öryggissvæðis vegna grunnvatns og því þarf að gæta öryggis við hönnun og gerð mannvirkja og mengunarvarna eins og fram kemur í greinargerð með deiliskipulaginu.

Engar merkar jarðminjar eru innan lóðarinnar. Berggrunnurinn er grágrýti þakin ósamfelldum jökulruðningi og á eða við lóðina eru misgengi með norðaustlæga stefnu sem hafa verið virk á nútíma og þarf að taka tillit til þeirra við staðsetningu húsa.

Gróður á svæðinu er mikið til grasmóavist og lúpína samkvæmt vistgerðakorti. Trjárækt er á afmörkuðum stað og er gert ráð fyrir frekari trjárækt á lóðinni. Þar er áriðandi að ekki séu gróðursettar tegundir sem geta orðið ágengar í nærliggjandi mólendi.

Á skýringarupprætti eru sýndar þrjár staðsetningar fyrir vindmyllur en ekkert er fjallað um vindmyllur í gögnunum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillöguna en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Jarðfærðingur



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8,

210 Garðabær

ICELAND

<http://www.ni.is> (<http://www.ni.is>)

From: "Lára D. Gunnarsdóttir" <larag@mos.is>

To:

CC: "Kristinn Pálsson" <kristinnp@mos.is>

Subject: Til umsagnar - Miðdalur Inr. 213970 nýtt deiliskipulag

Date: 24.8.2022 12:30:07

Góðan dag

Mosfellsbær kynnir hér með eftirfarandi skipulagsbreytingar til athugasemda og umsagna. Erindi þetta og fylgigögn verða aðeins send með rafrænum hætti nema óskað verði eftir öðru.

Miðdalur Inr. 213970, nýtt deiliskipulag

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti að auglýsa deiliskipulagið skv 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag milli Nesjavallavegar og Selvatns, á 5 ha. lóð. Samkvæmt tillögunni er landinu skipt upp í sex frístundalóðir þar sem heimilt verður að reisa fimm frístundahús allt að 130 m² og eitt allt að 200 m². Aðkoma að lóðunum er um veg sem liggur frá Nesjavallavegi.

Tillagan var auglýst frá 23. júní til og með 8. ágúst 2022.

Samhliða auglýsingu misförst að senda ykkur gögn til umsagnar og er það gert hér með. Ef mögulegt er, þá óskum við eftir skriflegri umsögn fyrir 8. september n.k.

Með kveðju,

Lára Gunnarsdóttir

Verkefnastjóri skipulagsmála

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

S: 525-6700

[www.mos.is \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mos.is%2F&data=04%7C01%7Ctorfi.gudmundsson%40origo.is%7Ccf659c44f164753555f08d936324479%7C470852d578e34ee3bee9e9638b276d14%7C0%7C0%7C637600411790162065%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sdata=woDBXLqW8moN%2FPCgd7V2fnWYgPLs4%2B%2B0aM%2FKUJHiLp8%3D&reserved=0\)](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.mos.is%2F&data=04%7C01%7Ctorfi.gudmundsson%40origo.is%7Ccf659c44f164753555f08d936324479%7C470852d578e34ee3bee9e9638b276d14%7C0%7C0%7C637600411790162065%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sdata=woDBXLqW8moN%2FPCgd7V2fnWYgPLs4%2B%2B0aM%2FKUJHiLp8%3D&reserved=0)

Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing – Jákvæðni – Framsækni – Umhyggja

Skráning á póstlista fréttu (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fmos.is%2Fforsida%2Fpostlisti&data=04%7C01%7Ctorfi.gudmundsson%40origo.is%7Ccf659c44f164753555f08d936324479%7C470852d578e34ee3bee9e9638b276d14%7C0%7C0%7C637600411790162065%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sdata=U1kKilxECdNaKuXN8ZZgUHIORWnzKavq5QmgKsHd7Bs%3D&reserved=0>)

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fmos.is%2Fforsida%2Ftrunadur&data=04%7C01%7Ctorfi.gudmundsson%40origo.is%7Ccf659c44f164753555f08d936324479%7C470852d578e34ee3bee9e9638b276d14%7C0%7C0%7C637600411790172018%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C1000&sdata=3e09C0oy8U64ftjPmu9leSRCnmp8qAVFFvN6tBvU%2FkE%3D&reserved=0>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)